

Ed. **486. Frumvarp til laga** [150. mál]
um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazzt hefur skirteini það, sem ræðir um í 32. gr.

2. gr.

Upphaf 32. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazzt vélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 100 hestafla vél, eða undirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem öðlazzt hefur skirteini það, sem ræðir um í 34. gr.

4. gr.

1. Upphaf 34. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem:

a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél eða sem vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi í 24 mánuði.

2. Aftan við 34. gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Hver sá, sem réttindi hefur til að vera undir- eða yfirvélstjóri á mótorskipi með allt að 400 hestafla vél, skal og hafa sömu réttindi til vélstjórnar við vél, sem stærri kann að vera, ef um er að ræða vélstjórn á fiskiskipi, sem er 115 rúmlestir að stærð eða minna,

5. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem öðlazzt hefur skirteini það, sem um ræðir í 36. gr.

6. gr.

Upphaf 36. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazzt undirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

- a. hefur staðizt hið meira móturvélstjórapróf Fiskifélags Íslands;
- b. hefur siglt sem yfirvélstjóri á skipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði.

7. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 38. gr.

8. gr.

Upphaf 38. gr. laganna orðist svo:

Sá einn getur öðlazzt yfirvélstjóraskirteini á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem:

- a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 24 mánuði, eftir að hafa öðlazzt skirteini það, sem ræðir um í 36. gr.

9. gr.

Fyrir „600“ í 39. gr. laganna komi: 900.

10. gr.

Fyrir „600“ í 40. gr. laganna komi: 900.

11. gr.

Fyrir „600“ í 41. gr. laganna komi: 900.

12. gr.

Fyrir „600“ í fyrsta másl. 42. gr. laganna komi: 900.

13. gr.

1. Fyrir „50“ í b-lið 48. gr. laganna komi: 100.
2. Fyrir „50“ í c-lið sömu greinar komi: 100.
3. Fyrir „250“ í c-lið sömu greinar komi: 400.
4. Fyrir „250“ í d-lið sömu greinar komi: 400.
5. Fyrir „400“ í d-lið sömu greinar komi: 900.
6. Fyrri málsgr. e-liðar sömu greinar orðist svo:

Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, einn undirvélstjóri, og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri.

14. gr.

Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa vélstjóraskirteini eða prófskirteini frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, skulu eiga rétt á að fá útgefin ný vélstjóraskirteini í samræmi við ákvæði þessara laga, en í engu skulu lög þessi skerða þann rétt, sem vélstjóri átti fyrir gildistöku þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlazzt þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin lætur endurskoða ákvæði laga um menntun og réttindi vélstjóra, og sé þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi. Við endurskoðunina skal haft samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vélstjórarafélag Íslands, Móturvélstjórarafélag Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna.